



MINNISSPJALD FYRIR SJÚKLINGA

Á þessu minnisspjaldi eru mikilvægar öryggisupplýsingar sem þú þarft að kynna þér og hafa í huga áður en meðferð með Pamidronatdínatrium Pfizer hefst, meðan á henni stendur og eftir að henni er lokið.

Læknirinn hefur ráðlagt að þú fái Pamidronatdínatrium Pfizer sem dreypi (innrennsli) í bláæð. Meðferðin er notuð hjá fullorðnum sjúklingum sem eru með of mikið kalk í blóði vegna þess að æxli hefur valdið aukinni losun kalks úr beinum, eða til að koma í veg fyrir sjúkdómseinkenni í beinum (t.d. beinbrot) hjá fullorðnum sjúklingum sem eru með illkynja sjúkdóma, t.d. brjóstakrabbamein eða mergæxli. Lyfið inniheldur virka efnið tvínatríumpamidrónat og tilheyrir flokki lyfja sem nefnast bisfosfónöt.

Í sjaldgæfum tilvikum hefur verið tilkynnt um aukaverkun sem nefnist beindrep í kjálka hjá sjúklingum sem fá Pamidronatdínatrium Pfizer. Beindrep í kjálka getur líka komið fram eftir að meðferð er hætt.

Um er að ræða alvarlegar og oft sársaukafullar beinskemmdir sem erfitt getur verið að meðhöndla. Það er því mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir þær.

Til þess að draga úr hættu á því að beindrep í kjálka myndist, eru nokkrar varúðarráðstafanir sem þarf að gera:

Áður en meðferð er hafin:

- Biddu lækninn um að fræða þig um beindrep í kjálka áður en meðferðin er hafin.
- Spyrðu lækninn hvort ráðlagt sé að fara í skoðun til tannlæknis áður en þú byrjar meðferðina með Pamidronatdínatrium Pfizer.
- Láttu lækninn/heilbrigðisstarfsmanninn sem kemur að meðferð þinni vita ef þú ert með óþægindi eða átt við einhver vandamál að stríða í munni eða tönnum.
- Lestu fylgiseðilinn með lyfinu

Hættan á beindrepi í kjálka getur verið aukin hjá sjúklingum sem fara í aðgerð í munni eftir að meðferð er hafin (t.d. ef taka þarf tönn), hjá þeim sem fara ekki reglulega til tannlæknis eða eru með sár eða sýkingar í munni (t.d. sjúkdóma í tannholdi), reykja, gangast undir ákveðnar læknismeðferðir t.d. mismunandi krabbameinsmeðferðir eða meðferð með svokölluðum barksterum eða hafa áður fengið meðferð með bisfosfónötum.

Eftir að meðferð er hafin:

- Burstaðu tennurnar vel og gættu almennt að góðu hreinlæti í munnum. Farðu reglulega í skoðun til tannlæknis. Ef þú ert með gervitennur skaltu gæta þess að þær passi vel.
- Ef þú ert að gangast undir meðferð á tönnum eða ert að fara í aðgerð á tönnum (t.d. ef taka þarf tönn) skaltu láta lækninn vita. Segðu tannlækninum frá því að þú sért að taka Pamidronatdínatrium Pfizer og sýndu honum þetta spjald.
- Hafðu tafarlaust samband við lækninn og tannlækninn ef þú finnur fyrir einhverjum óþægindum í munni eða tönnum, til dæmis lausar tennur, sársauka eða bólgu, sár sem gróa ekki eða ef vessar úr sárum, vegna þess að þetta gætu verið merki um beindrep í kjálka.

Mikilvægt er að lesa frekari upplýsingar í fylgiseðlinum fyrir Pamidronatdínatrium Pfizer. Heilbrigðisstarfsmaður sem ávísar eða gefur lyfið getur gefið þér eintak af fylgiseðlinum sem fylgir í pakkingu lyfsins en hann er einnig að finna á netinu, www.serlyfjaskra.is.

Tilkynning aukaverkana

Mikilvægt er að tilkynna um aukaverkanir til Lyfjastofnunar og hjálpa þannig til við að auka öryggi lyfsins. Leiðbeiningar og rafræn eyðublöð er að finna á heimasíðu Lyfjastofnunar (www.lyfjastofnun.is).